

Ársskýrsla Fjölbrautaskóla Suðurnesja fyrir árið 2020

Í stefnuskjali skólans eru sett fram þau markmið og leiðir að þeim sem skólinn vill stefna að næstu misseri bæði hvað varðar kjarnastarfsemi og rekstrarþætti.

Í eftirfarandi umfjöllun má finna gögn sem eiga að geta veitt svar við hvernig það hefur gengið.

- *Markmið skólans er að bæta námsárangur og ástundun nemenda þannig að fleiri ljúki prófi á tilsettum tíma. (A2)*
- *Efla stuðning og aðhald með nemendum til að draga úr brotthvarfi úr námi. (A1)*
- *Nemendur af svæðinu hafi aðgang að fjölbreyttu bók- og starfsnámi sem uppfyllir kröfur næsta skólastiga og/eða atvinnulífs. (A3)*
- *Auka stoðþjónustu og efla mannauð. (A1)*

1. Nemendur

Nemendur á vorönn 2020 voru 843 í dagskóla. Að auki tóku 97 grunnskólanemendur áfanga í vali, ýmist einn áfanga eða fleiri á einu ári eða önn.

Það eru venjulega færri nemendur á vorönn en haustönn. Nemendur voru 1008 í dagskóla á haustönn, „kvöldskólanemendur“ voru 29 en 120 grunnskólanemar eða samtals 1157 ef allt er talið. Að beiðni menntamálaráðuneytisins var farið af stað með síðdegisnám á þremur verknámsbrautum fyrir nemendur sem ekki höfðu fengið skólavist á haustönn. Þetta var í rafiðngreinum, húsasmíði og hársnyrtið. Aðsókn var nokkuð góð og kennt var síðdegis eftir sér stundatöflu.

Allir nýnemar sem sóttu um skólavist fengu inni en nýnemar voru heldur fleiri en árið áður eða 249.

Ástæðan er mismikill fjöldi í árgangi milli ára eins og sjá má í töflunni hér að neðan en þar má sjá að nemendum fer fjölgandi sem útskrifast úr grunnskólunum á svæðinu. Það sem vekur jafnan athygli er kynjaskiptingin meðal nýnema en tæp 59% voru drengir en stúlkurnar voru rúmlega 41%. Þetta er í takti við kynjahlutfallið í skólanum en þar er hlutfall drengja 57% og hlutfall stúlkna er 43%.

Hafa ber í huga að mikil fjölgun var á svæðinu umfram það sem spáð hafði verið fyrir tveimur árum en þá var gert ráð fyrir fækkun á næstu árum í hverjum árgangi. Fjöldi í næstu árgöngum samkvæmt tölum frá grunnskólunum á svæðinu frá áramótum má sjá á meðfylgjandi töflu.

1. bekkur 2014	2. bekkur 2013	3. bekkur 2012	4. bekkur 2011	5. bekkur 2010	6. bekkur 2009	7. bekkur 2008	8. bekkur 2007	9. bekkur 2006	10. bekkur 2005
355	334	356	402	388	416	387	381	340	346

Fjöldatölur á hvorri önn má sjá á eftirfarandi töflu

	vor 2020	haust 2020
Dagskólanemendur	843	1008
Kvöldskólanemendur	0	29
Grunnskólanemendur	97	120
Alls	940	1157

Það er forvitnilegt að skoða skiptingu nýnema á námsbrautir. Drengir voru fjölmennari en stúlkur í heildina eins og áður er nefnt en aðsókn á einstaka brautir var ólík eftir kyni eins og jafnan áður. Heldur

hefur þeim fækkað sem innritast á framhaldsskólabrautir sem bendir til að fleiri séu að uppfylla inntökuskilyrði á aðrar brautir og það er jákvætt. Tæpur þriðjungur nemenda innritaðist á stúdentsbrautir sem er örlítil aukning frá því síðast og stúlkur í miklum meirihluta þar. Hlutfall á starfsnáms- og verknámsbrautir er eins og áður um 15% og það eru strákar sem sækja meira í það nám. Skiptingu nýnema á brautir má sjá í töflunni hér að neðan.

Skipting nýnema á brautir

Haust 2020	Strákar	Stúlkur	Alls	Strákar %	Stúlkur %	Alls
Framhaldsskólabrautir	72	44	116	49,3%	42,7%	46,59%
Starfsbrautir	11	4	15	7,5%	3,9%	6,02%
Starfsnám	0	2	2	0,0%	1,9%	0,80%
Stúdent - bóknám	21	37	58	14,4%	35,9%	23,29%
Stúdent - starfsnám	13	8	21	8,9%	7,8%	8,43%
Verknám	29	8	37	19,9%	7,8%	14,86%
Alls	146	103	249	58,6%	41,4%	100,00%

Til samanburðar er hér að neðan tafla sem sýnir dreifingu allra nemenda skólans á brautir.

Námsbrautir	Haust 2020			Hlutfall		
	KK	KVK	Alls	%KK	%KVK	Alls
Framhaldsskólabrautir	168	97	265	29%	22%	26%
Starfsbrautir	49	14	63	9%	3%	6%
Starfsnám	3	42	45	1%	10%	4%
Stúdent - bóknám	158	227	385	28%	52%	38%
Stúdent - starfsnám	63	33	96	11%	8%	10%
Verknám	129	25	154	23%	6%	15%
Alls	570	438	1008	57%	43%	100%

Rétt er að geta þess að skólinn hefur fjölgað stúdentsbrautum um þrjár. Þetta skýrir að hluta fækkunina sem kemur fram á starfsnámsbrautum. Annað sem vekur athygli í þessum tölum er kynjaskiptingin. Stúlkur sækja í bóklegt stúdentsnám og starfsnám mun frekar en strákar en þeir sækja mun meira í verknám. Einnig má sjá að hlutfall stráka er hærra á starfsbrautum og á framhaldsskólabrautum en þangað fara þeir sem uppfylla ekki inntökuskilyrði á aðrar brautir.

Svipaður fjöldi grunnskólanemenda er að sækja nám í skólanum og áður og kynjaskiptingin er mjög ójöfn eins og áður en hlutfall stúlkna er mun hærra eða rúmlega 60% en strákarnir eru tæplega 40%. Þetta tengist m.a. því markmiði skólans að nemendur af svæðinu hafi aðgang að fjölbreyttu námi bæði bóklegu- og verklegu. Einnig því undirmarkmiði að efla kynningu á verknámi fyrir grunnskólanemendum (A3.1 og A3.3)

Taflan hér að neðan sýnir dreifingu grunnskólanemenda á einstaka áfanga á haustönn 2020 eftir kyni. Þar sést að stúlkur sækja í bóklega áfanga og textíl og hár umfram strákana en þeir sækja meira í

verklega áfanga og forritun. Því má segja að valið sé mjög kynbundið. Hér hefur orðið ein breyting frá því sem var og það er að fleiri strákar en stelpur eru að velja ensku. Það hefur ekki gerst áður og má velta fyrir sér af hverju það er.

Haust 2020

	KK	KVK	% KK	% KVK	% af heild
ENSK2KO05	14	13	51,9%	48,1%	21,3%
FORR2LE05	12	4	75,0%	25,0%	12,6%
HÚSA1KY05	8	4	66,7%	33,3%	9,4%
RAFG1KY05	10	0	100%	0%	7,9%
SPÆN1SO05	1	16	5,9%	94,1%	13,4%
STÆR2AH05	5	15	25,0%	75,0%	15,7%
TXHÁ1FH05	0	25	0%	100%	19,7%
	50	77	39,4%	60,6%	

Allflestir nemendur koma af Suðurnesjum eða 98% og flestir úr Reykjanesbæ eða um 71%. Á meðfylgjandi töflu má sjá hvaðan nemendur skólans eru að koma. Hér verður að hafa í huga að sú breyting sem hefur orðið á fjölda nemenda eftir sveitarfélögum getur stafað af þeirri fjölgun sem orðið hefur á svæðinu en hún hefur ekki verið sú sama í öllum sveitarfélögum.

Staður	KK	KVK	Fj. nem	% KK	% KVK	% Heild
Grindavík	61	48	109	11%	11%	11%
Reykjanesbær	400	311	711	71%	70%	71%
Suðurnesjabær	80	60	140	14%	14%	14%
Utan	3	13	16	1%	3%	2%
Vogar	20	12	32	4%	3%	3%
	564	444	1008	100%	100%	100%

Eftirfarandi tafla sýnir aldursdreifingu nemenda á þessum tveimur önnum sem hlutfall, skipt eftir kyni fyrir báðar annir.

	vor 2020					Haust 2020				
	KK	KVK	% KK	% KVK	% heild	KK	KVK	% KK	% KVK	% heild
2004						145	103	25,4%	23,5%	24,6%
2003	131	100	26,3%	29,0%	27,4%	127	107	22,3%	24,4%	23,2%
2002	112	99	22,5%	28,7%	25,0%	102	101	17,9%	23,1%	20,1%
2001	121	70	24,3%	20,3%	22,7%	92	53	16,1%	12,1%	14,4%
2000	69	38	13,9%	11,0%	12,7%	45	23	7,9%	5,3%	6,7%
1999	22	18	4,4%	5,2%	4,7%	20	15	3,5%	3,4%	3,5%
Eldri	43	20	8,6%	5,8%	7,5%	39	36	6,8%	8,2%	7,4%
	498	345	59,1%	40,9%	100,0%	570	438	56,5%	43,5%	100,0%

Álíka hlutfall er í þrem yngstu aldursflokkunum sem er eðlilegt en síðan dregur úr því eftir því sem nemendur eldast sem er eðlilegt þar sem þeir útskrifast flestir að þremur árum og síðan er eitthvað um nemendur sem gera hlé á námi. Einnig er líka mikil breidd í nemendahópnum sem veldur því að ekki eru allir að ljúka námi á sama tíma eins og verknám og starfsbraut, fyrir utan þá sem ekki ráða við að ljúka stúdentsnámi á þremur árum.

Það er einnig forvitnilegt að skoða muninn milli kynja og ástæðunni fyrir honum. Eru stúlkur duglegri við að ljúka námi á tilsettum? Eru strákar lengur að ljúka námi eða er þeirra nám lengra t.d. það verklega? Þetta og margt fleira er hægt að velta fyrir sér en þarfnast frekari rannsóknar til að geta greint það (A1).

Skipting nemenda á brautir á haustönn 2020

Braut	KK	KVK	alls	KK%	KVK%	Allir
Framhaldsskólabraut	168	97	265	28%	21%	25%
Starfsbraut	49	14	63	8%	3%	6%
Starfsnám	3	42	45	1%	9%	4%
Stúdent-bók	158	227	385	27%	50%	37%
Stúdent-starfsn.	63	33	96	11%	7%	9%
Verknám	151	39	190	26%	9%	18%
	592	452	1044	57%	43%	

Í skólanum eru um 100 nemendur af erlendum uppruna en erfitt er að greina það nákvæmlega þar sem ekki er nein slík merking í skólakerfinu. Þetta er því um 10% af heildarnemendafjöldanum og eru Pólverjar langfjölmennastir. Þeim hefur fjölgað mikið á síðustu árum en þá er rétt að hafa í huga að hlutfall erlendra íbúa er hvergi hærra en á Suðurnesjum eða um fjórðungur af íbúum svæðisins. Nemendur skólans eru af a.m.k. 19 mismunandi þjóðernum og móðurmál þeirra ólík að sama skapi.

2. Nám, námsframboð

Námsframboðið er fjölbreytt og má sjá það á heimasíðu skólans www.fss.is/index.php/namid/brautir.

Skólinn leggur metnað sinn í að þjóna öllum nemendum af svæðinu og bjóða uppá fjölbreytt nám þannig að allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. (Markmið A3)

Búið er að setja upp sjö stúdentsbrautir í námskrárgrunninum og þær hafa hlotið samþykki ráðuneytisins.

Starfs- og verknámsbrautir sjö talsins.

Það eru tvær starfsbrautir við skólann.

Framhaldsskólabrautirnar eru 11. Markmiðið með framhaldsskólabrautunum er að búa til farveg fyrir þá nemendur sem eru óráðnir eða ráða ekki við hefðbundið bóknám en stefna í ákveðin störf á almennum vinnumarkaði. Sú nýjasta var sett upp í samstarfi við Fisktækniskólann og kallast Bláa hagkerfið. Þeir nemendur sem taka hana geta síðan haldið áfram og lokið námi frá Fisktækniskólanum.

Samningur sem gerður var við fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar varðandi þjónustu sálfræðinga var endurnýjaður og stefna skólans er að halda þeirri þjónustu áfram. Þetta verkefni hefur gengið vel og er vissulega þörf fyrir það. (A1)

Vegna Covid ástandsins þá hafa þau evrópu verkefni sem voru í gangi og önnur sem fyrirhuguð voru í Erasmus+ legið niðri og verið framlengd þar til ástandinu linnir.

Á haustönn var lokið við þróunarverkefni um starfsþróun í skóla. Þetta verkefni var samstarfsverkefni ríkis, sveitarfélaga og kennarasamtakanna og náði til allra skólastiga. Verkefnið fólst í að skilgreina og útfæra stoðkerfi fyrir kennara. Mikilvægur liður í því var að útfæra og prófa verkefni sem nýst gætu í skólum við starfsþróun kennara og getur verið fyrirmynd að stuðningi við kennara og við innleiðingu á lærdómssamfélagi í skólastarfi og menntun án aðgreiningar. Niðurstöðurnar voru kynntar fyrir starfsfólki og sótt hefur verið um frekari styrk í Sprotasjóð til að halda áfram með verkefni í starfsþróun kennara og markmiðið að það nýtist til að efla lærdómssamfélagið við skólann.

Matsnefnd skólans sér um innri úttektir á skólastarfinu og áætlun hennar má sjá á heimasíðunni <http://www.fss.is/index.php/skolinn/um-skolann/mat-a-skolastarfi>. Niðurstöður matsins og úrbótaáætlun má sjá í sjálfsmatskýrslu sem má nálgast á heimasíðunni og einnig er hún birt í skólaskýrslunni <http://www.fss.is/index.php/skolinn/um-skolann/skyrslur-og-samningar>. Í skólaskýrslunni má einnig lesa um annað sem unnið var að á liðnu ári.

Í innra mati skólans hafa alltaf verið sett markmið varðandi þætti sem eru taldir skipta máli fyrir gott skólastarf en þetta eru hvatning, hrós og líðan nemenda. (A2) Þetta eru atriði sem stjórnendur vilja fylgjast með og gera það í gegnum kennslumatið.

Skemmst er frá því að segja að vegna Covid þá var kennslumat ekki framkvæmt á liðnu ári og því ekki hægt að ráða í hvernig þær tvær annir væru að koma út miðað við fyrri annir.

Brotthvarf (A1)

Erfitt er að segja nákvæmlega til um brotthvarfið á liðnu ári vegna covid og að allt í einu hafi kennslunni verið breytt út staðkennslu í fjarkennslu. Þetta kom ansi miklu róti á marga og ljóst að aðhaldið með nemendum var öðruvísi fyrir vikið. Miðað við þær tölur sem við höfum þá er ekki að sjá að brotthvarf meðal nemenda hafi aukist og kemur þar margt til. Kennarar voru duglegir að hringja í nemendur og hvetja þá áfram við námið auk þess sem námsráðgjafar voru einnig að hafa samband við nemendur og kanna stöðuna hjá þeim og hvetja þau sömuleiðis áfram. Þá má gera ráð fyrir að atvinnuleysi á svæðinu hafi dregið úr einhverjum með að hætta þar sem ekki var neina vinnu að fá og því um að gera að halda náminu áfram.

Miðað við gögn sem komu frá menntamálaráðuneytinu um brotthvarf fyrir 2019 þá má sjá þar að brotthvarf meðal nýnema hefur minnkað jafnt og þétt undanfarin ár og var 3,2% það ár. Þarna vantar inn í tölur yfir þá nemendur sem hætta eftir önnina og koma ekki á næstu önn, tilfærslubrotthvarf, sem mælist 4,1% samkvæmt greiningu ráðuneytisins. Því er ljóst að aðgerðir þær sem beitt hefur verið hafa skilað árangri og er það gott.

Taflan hér að neðan sýnir aldur þeirra nemenda hættu í námi á önninni, skipt eftir kynjum. Þarna má sjá að flestir þeirra sem hætta eru í aldurshópnum 18 ára og svo þeir sem eru eldri en 20 ára. Lítið eitt fleiri strákar en stúlkur eru að hætta og flestir á 19. ári. Athygli vekur að fleiri stúlkur í hópi nýnema eru að hætta.

Aldur	vor 2020						Haust 2020						Samantekt allra		
	KK	KVK	Alls	%KK	%KVK	%Alls	KK	KVK	Alls	%KK	%KVK	%Alls	% KK	% KVK	Heild
yngrri	1	1	2	6,3%	8,3%	7,1%		2	2	0,0%	15,4%	8,3%	3,7%	12,0%	7,7%
16 ára	1	1	2	6,3%	8,3%	7,1%	1	3	4	9,1%	23,1%	16,7%	7,4%	16,0%	11,5%
17 ára	4	1	5	25,0%	8,3%	17,9%	1	1	2	9,1%	7,7%	8,3%	18,5%	8,0%	13,5%
18 ára	4	3	7	25,0%	25,0%	25,0%	1	2	3	9,1%	15,4%	12,5%	18,5%	20,0%	19,2%
19 ára	4	1	5	25,0%	8,3%	17,9%	3	1	4	27,3%	7,7%	16,7%	25,9%	8,0%	17,3%
20 ára	1	2	3	6,3%	16,7%	10,7%	1	1	2	9,1%	7,7%	8,3%	7,4%	12,0%	9,6%
Eldri	1	3	4	6,3%	25,0%	14,3%	4	3	7	36,4%	23,1%	29,2%	18,5%	24,0%	21,2%
	16	12	28	57,1%	42,9%		11	13	24	46%	54%		52%	48%	

Lykilatriðið varðandi brotthvarf virðist felast í jákvæðum og góðum samskiptum nemenda og kennara. Stjórnendur skólans eru staðráðnir í að halda áfram að leita leiða til að draga úr þessu brotthvarfi og auka um leið fjölda útskrifaðra. Árangurinn næst ekki í einu vettvangi og ekki alveg ljóst hver áhrif Covid verður á skólastarf almennt en þetta er allt á réttri leið.

3. Útskrift

Alls voru 199 nemendur útskrifaðir frá skólanum árið 2020, 114 karlar og 85 konur. Auk þess voru nemendur á almennri braut og framhaldsskólabraut útskrifaðir óformlega við lok hvorrar annar. Markmiðið hefur verið að fjölga þeim nemendum sem ljúka prófi á tilskildum tíma (A2). Fjöldi útskrifaðra þetta ár var meiri en verið hefur undanfarin ár. Skipting útskrifaðra á annir var eins og taflan sýnir. Hafa ber í huga að einhverjir útskrifuðust af fleiri en einni braut en eru bara taldir á þeirri

braut sem var lengri. Það vekur athygli að karlar eru fleiri en konur og munar þar mest um útskrift karla af verknámsbrautum. Þetta útskriftarhlutfall eftir kyni er meira í takti við það sem er í skólanum almennt. Ef rýnt er í þessi gögn þá má finna atriði sem gaman væri að kanna nánar.

Fjöldi nemenda sem lauk prófi á hvorri önn.

Braut	Vor 2020			Haust 2020			Samtals 2020			Fjöldi sem lauk prófi 2020		
	Fj. nem	kk	kvk	Fj. nem	kk	kvk	Alls	kk	kvk	% Heild	% KK	% KVK
Félagsvísindabraut	6	2	4	4	2	2	10	4	6	5,0%	3,5%	7,1%
Fjölgreinabraut	45	17	28	42	18	24	87	35	52	43,7%	30,7%	61,2%
Íþróttá- og lýðheilsabraut	3	3	0	4	4	0	7	7	0	3,5%	6,1%	0,0%
Listnámsbraut	2	0	2	4	1	3	6	1	5	3,0%	0,9%	5,9%
Raunvísindabraut	13	7	6	9	3	6	22	10	12	11,1%	8,8%	14,1%
Tölvufræðibraut	6	6	0	3	2	1	9	8	1	4,5%	7,0%	1,2%
Viðskipta- og hagfræðibraut				1	1	0	1	1	0	0,5%	0,9%	0,0%
Málabraut				1	0	1	1	0	1	0,5%	0,0%	1,2%
Viðbótarnám	6	4	2	6	6	0	12	10	2	6,0%	8,8%	2,4%
Húsasmíðabraut	6	6	0	4	4	0	10	10	0	5,0%	8,8%	0,0%
Rafvirkjun	3	3	0	6	6	0	9	9	0	4,5%	7,9%	0,0%
Vélstjórn B	1	1	0	2	2	0	3	3	0	1,5%	2,6%	0,0%
Sjúkraliðabraut	5	1	4				5	1	4	2,5%	0,9%	4,7%
Tölvufræðibraut15	3	3		1	1		4	4	0	2,0%	3,5%	0,0%
Tölvuþjónustubraut	1	1		1	1		2	2	0	1,0%	1,8%	0,0%
Starfsbraut	11	9	2				11	9	2	5,5%	7,9%	2,4%
Alls	111	63	48	88	51	37	199	114	85		57,3%	42,7%

Ef þetta er tekið saman í þrjá brautaflokka þá kemur í ljós að nánast allar stelpurnar (92,9%) sem eru að útskrifast eru að ljúka stúdentsnámi en hlutfall drengja sem ljúka stúdentsprófi er tæplega 67% en þetta hlutfall hefur hækkað frá því sem var. Fleiri nemendur eru að ljúka stúdentsnámi nú en áður eða 78%. Rúmlega fjórðungur drengja er að ljúka prófi af starf- og verknámsbrautum. Útskriftarhópurinn er því nokkuð kynjaskiptur hvað brautir varðar. Rétt er að hafa í huga að fjölmargir útskrifast af framhaldsskólabrautum en eru ekki inni í þessum tölum. Fleiri drengir eru að ljúka námi af starfsbraut en það er í hlutfalli við fjölda drengja á brautinni.

Útskrifaðir alls 2020	Vor 2020			Haust 2020			Samtals 2020			Fjöldi sem lauk prófi 2020		
	Alls	kk	kvk	Alls	kk	kvk	Alls	kk	kvk	% KK	% KVK	%- Heild
Stúdentsbrautir	81	39	42	74	37	37	155	76	79	66,7%	92,9%	77,9%
Starfs- og verknámsbrautir	19	15	4	14	14	0	33	29	4	25,4%	4,7%	16,6%
Starfsbrautir	11	9	2				11	9	2	7,9%	2,4%	5,5%

4. Starfsmenn

Starfsmenn skólans voru 92 á vorönn, 70 kennarar, stjórnendur og ráðgjafar, 2 stundakennarar og 20 aðrir starfsmenn. Starfsmenn á haustönn voru 102, 72 kennarar, stjórnendur og ráðgjafar en þar af voru tveir í veikindaleyfi og tveir aðrir í orlofi, tveir starfsmenn til viðbótar voru verkefnaráðnir, 8 stundakennarar en aðrir starfsmenn voru 20. Ræsting er samkvæmt útboði.

Kynjahlutfallið var mjög svipað innan kennarahópsins. Hlutfall kvenna meðal annars starfsfólks var hærra en karlar voru fleiri í hópi stundakennara.

Skipurit skólans er á vefnum og þar má fá innsýn í stjórnkerfi hans <http://www.fss.is/index.php/skolinn/um-skolann/skipurrit>.

Eftirfarandi tafla gefur smá sýn á nokkra þætti mannaúts miðað við haustönn 2019 og hvað hefur breyst fram til haustannar 2020.

	Haust 2019	Haust 2020
Meðalaldur kennara	49,14 ár	49,16 ár
Meðalaldur allra starfsmanna	50,26 ár	48,83 ár
Meðalstarfsaldur í kennslu í FS	12,2 ár	11,5 ár
Meðalstarfsaldur í kennslu í heild	16,02 ár	15,5 ár
Viðbótarorlof samtals	1558 klst.	1776,8 klst.
Aldursafsláttur samtals	2466 klst.	2049 klst.
Heildarkennslumagn á önn	51463,84 klst.	53737,6 klst.
Heildarkennslumagn á viku	2859 klst.	2985,4 klst.
Skerðing vegna endurtekningar áfanga	1043,67 klst.	1105 klst.
Aukaverkefni skv. C-hluta	2881 klst.	3565 klst.

Það er fróðlegt að bera saman tölurnar í töflunni hér að ofan milli þessara anna. Það hefur orðið endurnýjun í stéttinni og eldri kennarar verið að hætta og fara á eftirlaun. Þetta kemur fram í lækkun á aldursafslætti og einnig má sjá þetta í að meðalstarfsaldur í kennslu í FS hefur lækkað þó meðalaldur kennara sé nánast óbreyttur, þá lækkar meðalaldur allra starfsmanna. Viðbótarorlofið þá hækkar vegna þeirrar breytingar sem gerð var þar sem allir fengu sama orlof óháð aldri. Kennslumagnið hefur aukist vegna fjölgunar nemenda og síðan hafa aukaverkefni aukist vegna fjölgunar sérverkefna.

5. Fjármál og rekstur

Það er stefna skólans að halda sér innan ramma fjárlaga og það hefur gengið eftir til þessa. Niðurskurður undangenginna ára hefur bitnað á búnaðarkaupum og endurnýjun búnaðar því nokkuð setið á hakanum. Afgangur af fjárveitingum hefur verið nýttur í endurnýjun. Undir lok haustannar þá fékkst loksins afgangur síðasta árs yfirfærður og uppgjör starfsbrautar var leiðrétt. Þá opnaðist leið til að uppfæra búnað sem lengi hafði verið beðið með að kaupa og var það mjög kærkomið. Ein bóknámsstofa var tekin og henni breytt í verknámsstofu í rafiðngreinum vegna fjölgunar nemenda þar með tilheyrandi kostnaði. Ný heimasíða var tekin í notkun og hefðbundin endurnýjun á búnaði í

sambandi við tölvur og ný ljósritunarvél keypt. Síðan var verið að huga að búnaði sem þurfti að fá í nýtt félagsrými nemenda og farið að huga að kaupum á því.

Uppá rekstur að gera er mikilvægt að vita á hverjum tímamarki úr hve miklu er að spila.

Rekstraryfirlit er í viðhengi aftast.

6. Samstarf við aðra

Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefur í gegnum tíðina átt gott samstarf við Fjölbrautaskóla Suðurlands og Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi og er þetta samstarf fjölbreytt og snertir alla þætti skólastarfsins. Stjórnendur þessara skóla funda reglulega en vegna Covid ástandsins þá hafa þessir fundir verið á Teams. Einnig er samstarf starfsnámskóla á landinu gott og stjórnendur þeirra funda hálf mánaðarlega, einnig á Teams, þar sem farið er yfir þau mál sem snerta iðn- og verknám sérstaklega. Afrakstur þess samstarfs er meðal annars sú kynning sem verið hefur á iðnnámi og útgáfa 2020 blaðsins sem búið er að gefa út undanfarin ár og dreifa til nemenda í efstu bekkjum grunnskóla. Gott samstarf er við Flensborgarskóla, Fjölbrautaskólann í Garðabæ og MR og stjórnendur þessara skóla hafa hist reglulega. Á haustönn 2019 voru lögð drög að því að skólarnir þrír FG, FS og Flensborg réðu kennslustjóra saman til reynslu. Kennslustjórinn tók til starfa á mjög viðkvæmu augnabliki í mars 2020 en það var á sama tíma og skólunum var lokað og allri kennslu breytt í fjarkennslu. Starf hans hefur samt gengið vel og því verður haldið áfram.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja á gott samstarf við grunnskólana á svæðinu og funduðu stjórnendur skólans með stjórnendum grunnskólanna þar sem farið var yfir niðurstöðu fyrstu prófa í ensku, dönsku, íslensku og stærðfræði, skipt eftir skólum, eins og áður hefur verið gert.

Rætt hefur verið við grunnskólana um frekara samstarf sem miðar að því að auka fljótandi skil milli þessara tveggja skólastiga.

Samstarf hefur einnig verið við Fjölsmiðjuna á Suðurnesjum um að taka nemendur frá þeim í einn til tvo áfanga á önn, eftir því sem hægt er og hefur það gefist vel.

Í lok september kom upp hugmynd að Menntaneti Suðurnesja og ríkisvaldið setti fjármagn í það verkefni en það er enn í mótun og kemst vonandi af stað í sumar eða haust. Markmiðið með því er m.a. að efla menntun og auka samstarf og samvinnu menntastofnana á svæðinu.

7. Annað

Það er margt sem gerist á heilu ári í starfsemi skóla og ekki síst þegar öllu skólastarfi er í einu vetvangi umturnað eins og gerðist í mars. Þrátt fyrir lokun skólans á seinni hluta vorannar þá var ýmislegt í gangi. Kennarar þurftu að bretta upp ermar og breyta allri bóklegru kennslu yfir í fjarkennslu og var það ansi mikið átak sérstaklega þar sem aðdragandinn var ekki langur. Ekki er ástæða til að rekja það allt hér, nægir að benda á skólaskýrsluna sem er gefin út í lok hvers skólaárs og er aðgengileg á heimasíðunni, <http://www.fss.is/index.php/skolinn/um-skolann/skyrslur-og-samningar>.

Aftur var boðið uppá verkleg námskeið í samstarfi við vinnuskóla Reykjanesbæjar og Suðurnesjabæjar. Sett voru upp námskeið í fimm verklegum fögum og í efnafræði og nemendum vinnuskólans (sem voru úr 9. bekkjum grunnskóla) gafst þannig kostur á að kynnst vinnu á verkstæðum skólans í þessum greinum og gera tilraunir á tilraunastofu í efnafræði. Einnig fengu þau kynningu frá Brunavörnum

Suðurnesja. Þetta gekk mjög vel og vonandi er hægt að hafa framhald á þessu. Það voru sveitarfélögin sem stóðu að þessu sem greiddu kostnaðinn við þetta en skólinn lagði til aðstöðuna.

Kynningarfundur fyrir nemendur 10. bekkja og forráðamenn þeirra var haldinn síðastliðið vor eins og áður og náðist að halda hann áður en samkomubanni var komið á. Aðsóknin var góð og mikið spurt. Skólinn var opinn frá kl. 17:00 til 18:30. Kennarar, stjórnendur og námsráðgjafar kynntu námið og svöruðu spurningum gesta. Nemendafélagið kynnti sína starfsemi og þá gafst gestum tækifæri til að ganga um skólann og skoða aðstöðuna enda mikilvægt að íbúar svæðisins þekki skólann, námsframboðið og aðstöðuna sem í boði er. Kynningarfundur með foreldrum eða forráðamönnum nýnema sem jafnan er í upphafi haustannar var haldinn á netinu og var nokkuð fjölsóttur miðað við aðstæður og heppnaðist nokkuð vel.

Á vorönninni var verið að endurvekja verkefnið um heilsueflandi samfélag í Reykjanesbæ og er skólinn þátttakandi í því verkefni.

Skólinn fór af stað með sumarskóla og var góð aðsókn að honum en 140 nemendur voru skráðir og margir voru að taka fleiri en einn áfanga. Alls voru 265 skráningar. Þetta var kærkomið fyrir þá nemendur og væntanlega nemendur sem ekki voru með vinnu að nýta tímann og flýta fyrir sér í námi. Uppreiknað þá voru þær einingar sem nemendur voru að ljúka samsvarandi 22 ársígildum. Þetta má lesa um í skýrslu um þetta verkefni hjá SSS.

Að beiðni ráðuneytisins var farið af stað með síðdegiskennslu í þremur verklegum fögum, rafvirkjun, tréið og hársnyrtingu eins og áður er nefnt. Aðsókn að þessu námi var góð og hefur það haldið áfram. Ósk hefur komið frá þessum nemendur að fá að halda áfram og ljúka náminu héðan.

Frekari upplýsingar má fá í skólaskýrslu á heimasíðu skólans <https://www.fss.is/is/skolinn-starfid/syn-stefnur-og-aaetlanir/skyrslur/skolaskyrslur>

Rekstraryfirlit v/ársskýrslu FS

	2020	2019	2018	2017	2016
Heiti	Rauntölur	Rauntölur	Rauntölur	Rauntölur	Rauntölur
Dagvinna	665.684.116	613.046.098	604.608.053	588.907.435	553.337.682
Aukagreiðslur	-104.588	23.242.925	5.816.860	12.242.116	4.929.578
Yfirvinna	281.893.575	218.756.196	224.481.590	216.232.399	196.055.741
Launatengd gjöld	215.287.605	196.724.599	193.653.278	188.828.172	176.805.344
Orlofsskuldbinding	13.086.049	-3.370.938	19.660.824	0	0
	1.175.846.757	1.048.398.880	1.048.220.605	1.006.210.122	931.128.345
Fundir, námskeið og risna	7.689.285	8.125.030	6.080.937	2.029.385	2.854.608
Ferða og dvalarkostnaður innanlands	0	171.212	540.412	432.535	152.850
Ferða og dvalarkostnaður erlendis	706.217	1.820.636	1.355.039	788.710	363.374
Akstur	2.082.363	3.010.998	2.973.530	3.217.542	3.190.638
	10.477.865	13.127.876	10.949.918	6.468.172	6.561.470
Tímarit, blöð og bækur	822.017	1.051.338	1.137.664	990.392	1.151.633
Skrifstofuvörur og áhöld	7.365.998	6.342.821	6.662.769	7.762.554	8.744.365
Aðrar vörur	29.558.783	36.830.878	35.608.326	33.779.124	28.927.055
	37.746.798	44.225.037	43.408.759	42.532.070	38.823.053
Önnur sérfræðiþjónusta	20.950.981	15.899.967	15.067.734	15.750.446	11.487.855
Tölvu- og kerfisfræðiþjónusta	5.079.291	4.759.875	3.485.685	2.735.482	2.700.814
Prentun,póstur, augl., flutningar	2.886.475	2.214.428	2.018.194	2.564.591	2.567.201
Sími og ýmis leigugjöld	3.402.906	4.195.631	3.183.513	3.229.769	3.051.236
	32.319.653	27.069.901	23.755.126	24.280.288	19.807.106
Verkkaup og byggingavörur	4.060.915	1.682.406	3.549.134	7.473.714	1.211.114
Rafmagn og heitt vatn	15.043.094	15.247.087	15.574.867	14.720.725	12.780.884
Húsaleiga og aðk. ræsting	249.936.927	244.098.790	117.910.460	113.212.996	107.585.632
	269.040.936	261.028.283	137.034.461	135.407.435	121.577.630
Brennsluefni og olúfur	78.350	152.250	46.376	54.184	117.026
Verkstæði og varahlutir	622.514	339.869	309.554	125.822	0
	700.864	492.119	355.930	180.006	117026
Vextir, bætur, skattar	145.249	293.705	142.257	164.825	281.157
Afskriftir eigna	18.221.264	16.227.592	16.403.302		
Eignakaup	0	0	0	18.020.610	12.216.675
Tilfærslur	364.895	98.500	202.502	273.140	270.000
	18.731.408	16.619.797	16.748.061	18.458.575	12.767.832
Samtals gjöld	1.544.864.281	1.410.961.893	1.280.472.860	1.233.536.668	1.130.782.462
Sértekjur	-77.893.237	-65.987.423	-78.600.569	-71.930.216	-38.914.173
	-77.893.237	-65.987.423	-78.600.569	-71.930.216	-38.914.173
Aðrar rekstrartekjur	-12.102.000	-11.148.000	-11.544.000	-12.057.000	-13.913.000
	-12.102.000	-11.148.000	-11.544.000	-12.057.000	-13.913.000
Framlag ríkissjóðs	-	-1.344.706.088	-	-	-
	1.478.713.979		1.208.913.470	1.188.280.600	1.091.450.523
Framlag til afskrifta	-18.221.264	-16.227.592	-16.296.509	0	0
	-	-1.360.933.680	-	-	-
Samtals tekjur	1.496.935.243	-1.438.069.103	1.225.209.979	1.188.280.600	1.091.450.523
	-	-	-	-	-
Samtals tekjur	1.586.930.480	-	1.315.354.548	1.272.267.816	1.144.277.696
Gjöld ekki tiltekin	0	0	0	25.285.784	0
				25.285.784	0
				-38.731.148	0
	-42.066.199	-27.107.210	-34.881.688	-13.445.364	-13.495.234